

Landsfundur Kvennalistans

04.10

EES-umræða að hluta fyrir luktum dyrum

Laugarvatni. Mbl. 31.10.1992

Að loknum framsöguerindum Kristínar Ástgeirs dóttur og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á landsfundi Kvennalistans á Laugarvatni í gærkvöldi tóku fimm fulltrúar til máls um málið. Þegar mælenda-skrá var tæmd var fundinum lokað tímabundið fyrir fréttamönnum til þess að fá fram meiri og óþvingaðri tjáningu fulltrúa um málið eins og það var orðað af fundarstjóra.

Meginmál landsfundarins er að ræða áður yfirlýsta stefnu Kvennalistans um EES eins og Jóna Valgerður Kristjánasdóttir komst að orði í umræðunni. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir upplýsti á fundinum að hún og fleiri hefðu reynt að fá því framengt fyrir síðustu kosningar að stefna listans gagnvart EES yrði opnari en reyndin hefði verið. Hún sagði að henni og fleiri konum væri of þróngur stakkur skorinn í yfirlýsingum Kvennalistans. „Það eru margir gallar á samningnum, en þeir vega ekki eins þungt og að standa utan við samrunaþróunina í Evrópu,“ sagði hún meðal annars. Hún lagði áherslu á að meðan EB lifði hefði það mikil áhrif á Íslandi og ef það dæi hefði það áhrif líka. Hún sagði kvennalistakonur vera í alvarlegum málum ef þær litu á bandalög eins og EB og EES sömu augum og hernaðarbandalög. Hún sagði samninginn

hvorki færa Íslendingum gull og græna skóga, né að hér færi allt á versta veg ef hann yrði ekki samþykktur.

Kristín Ástgeirs dóttir sagði samninginn um EES vera andstæðan hugmyndafræði Kvennalistans um sjálfbæra þróun, sem þyrfti að eiga sér stað í hinum vestræna heimi. Hún sagði gallana á samningnum það mikla að ekki væri unnt að samykki hann. Hún var aði við reglugerðarvaldinu og miðstýringunni, sem væri andstæð allri lýðraæðisþróun. Kristín sagði meðal annars að frjáls viðskipti eins og stefnt væri að með GATT-samningnum væru æskilegri en EES-samningurinn. Hún sagði rök sín gegn EES vega svo þungt að kvennalistakonur sem vildu vera afl til að breyta í átt til jafnaðar gætu ekki samþykkt að ganga inn í svo miðstýrt og karlrikt samfélag.

-Sig.Jóns.